



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 229

**Nói Kristjánsson tónskáld
og
Anna Ágústsdóttir**

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 229

Nói Kristjánsson, tónskáld

(1894 – 1966)

og

Anna Ágústsdóttir

(1898 - 1980)

Nói Kristjánsson var fæddur á Voðmúlastöðum í Austur-Landeyjum 14. janúar 1894, og lést í Reykjavík 21. nóvember 1966. Hann ólst upp í Auraseli, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu. Foreldrar Nóa voru Bóel Erlendsdóttir, húsfreyja, ættuð frá Hlíðarenda og Kristján Jónsson, bóndi í Auraseli, ættaðar frá Fljótsdal.

Nói kvæntist 16. maí 1920 Önnu Guðbjörgu Jónínu Ágústsdóttur, húsfreyju, sem fædd var í Höskuldarkoti í Ytri-Njarðvíkurhverfi 8. nóvember 1898 og lést 7. júní 1980 í Reykjavík. Foreldrar hennar voru Guðleif Magnea Ársælsdóttir, húsfreyja, fædd í Höskuldarkoti, og Ágúst Jónsson, hreppstjóri, oddviti og skólastjóri í Keflavík, fæddur í Fljótsdal; hann flutti 1921 með fjölskyldu sína til Reykjavíkur.

Nóa og Önnu varð þriggja barna auðið, þau eru Guðleif Ágústa (Lúlla), fædd 2. ágúst 1920, Kristín, fædd 8. júlí 1923, látin 21. september 1989, og Theodór, fæddur 4. febrúar 1927. Guðleif lést 6. desember 1966. Hún var höfundur margra þjóðkunnra laga.

Hjónin hófu fyrst búskap í Vestmannaeyjum, síðar fluttu þau til Reykjavíkur, þar sem Nói setti á stofn sitt eigið fyrirtæki á Klapparstíg 37 og nefndi það Örkina hans Nóa. Annaðist hann þar ýmis konar viðgerðir og nýsmíði, auk þess stundaði hann samhliða leigubílaakstur, en hann stofnaði árið 1921 ásamt félaga sínum bifreiðastöð undir nafninu Bifreiðastöð Einars og Nóa og mun vera með þeim fyrstu sem hlotið hafa ökuleyfi. Hinn 29. desember 1929 fékk Nói ráðuneytislöggildingu til kennslu í akstri. Lengstur var starfsferill hans hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur og Reykjavíkurborg. Síðast starfaði Nói á veturna hjá Vetrarhjálpinni. Árið 1936

kaupa hjónin bújörð í útjaðri bæjarins er nefndist Vestra-Langholt. Þar ráku þau búskap til ársins 1940 er þau seldu búið og keyptu þess í stað hús á Bjarnarstíg, nr. 9.

Nói Kristjánsson var hagur maður og liggja eftir hann smíðisgripir og myndir. Hann var einnig þjóðkunnt tónskáld. Fjölmörg ljóð og sönglög liggja eftir hann. Árið 1953 voru gefin út 30 lög Nóa fyrir blandaðan kór, *Tónaregn*. Ennfremur komu nokkur ljóða hans út árið 1968 í bókinni *Ljóð Rangæinga*. Nói samdi einnig lag við texta Magnúsar Stefánssonar, *Íslands Hrafnistumenn*.

Anna var ein þriggja frumkvöðla að stofnun Kvenfélags Hallgrímskirkju en það var formlega stofnað 8. mars 1942. Hún varð heiðursfélagi Kvenfélags Hallgrímskirkju árið 1977. Anna bjó síðast á Öldugötu 25a í Reykjavík.

Theodór Nóason, sonur hjónanna, færði safninu skjöl þessi til varðveislu 6. og 7. ágúst 2002, 5. júlí 2003 og 11. febrúar 2004.

Skjalaskrá

Askja 1

Aldarminning um Nóa Kristjánsson, ljósrit; minningargrein um Önnu G.J. Ágústsdóttur frá Höskuldarkoti.

Tónaregn, 30 lög fyrir blandaðan kór eftir Nóa Kristjánsson, Reykjavík 1953.

Ljóð Nóa Kristjánssonar, úr Ljóðum Rangæinga, ljósrit.

Íslands Hrafnistumenn, texti eftir Magnús Stefánsson, lag Nóa Kristjánssonar, nótur, ljósrit.

Hallgrímskirkja í Reykjavík: Hátt skal huga lyfta, ljóð Guðrúnar Jóhannsdóttur frá Brautarholti, lag Nóa Kristjánssonar, bæklingur.

Heiðursfélagaskjal Kvenfélags Hallgrímskirkju til handa Önnu Ágústsdóttur 1942-1977, ljósrit. Frá byggðasafni Suðurnesja, Vatnsnesi, ljósrit úr tímariti er sýnir ljósmynd af gínu í upphlut ásamt tilheyrandi skarti og möttli: sparibúningur Önnu Ágústsdóttur, en hún hafði mælt svo fyrir að upphluturinn skyldi ganga til safnsins. Theodór færði safninu jafnframt ljóðabók afa síns, Ágúst Jónssonar, Áfanga, og ýmsa muni úr eigu foreldra sinna.

Þrjú albúm með minningarkortum um Nóa Kristjánsson sem andaðist 21. nóvember 1966.

Albúm með minningarkortum um Nóa og Guðleifu dóttur hans, sem andaðist 6. desember 1966, ásamt minningargreinum.

Albúm með minningarkortum vegna andláts Önnu Ágústsdóttur sem andaðist 7. júní 1980.

Albúm úr plasti sem inniheldur heillaskeyti til Nóa á sjötugsafmæli hans, þ.m.t. skeyti teiknað af Steindóri Björnssyni frá Gröf í tilefni sjötugs afmælis Nóa; geymir skeytið einnig texta á bakhlið. Einnig er þarna að finna fjölda skeyta send Önnu vegna sjötugsafmælis hennar, gjafaspjöld og úrklippa úr dagblaði fylgja einnig: Anna Ágústsdóttir 70 ára ásamt ljósmynd.

Askja 2

Mappa úr pappa með heillaskeytum af ýmsu tilefni, flest vegna sextugsafmælis Nóa Kristjánssonar 14. janúar 1954.

Mappa úr plasti með heillaskeytum, einkum til Önnu Ágústsdóttur á fimmtugsafmæli hennar.

Mappa úr plasti með heillaskeytum til Önnu Ágústsdóttur á áttæðisafmæli hennar.

Frú Anna Ágústsdóttir hefur verið kjörin heiðursfélagi Kvenfélags Hallgrímskirkju í virðingar og þakkarskyni, 1942 8/3 1977. Lydía Pálmarsdóttir, skrautritað heiðursskjal.

Frumrit nótna eftir Ársæl Guðjón Ágústsson við eftirfarandi kvæði:

Hve fagurt ljómar ljósa her eftir Valdimar Briem, 1932.

Ísland eftir Ágúst Jónsson, 1917.

Bænavers eftir Ágúst Jónsson, 1905.

(Ársæll Guðjón Ágústsson (1891-1955) var frá Höskuldarkoti í Njarðvíkum og bróðir Önnu Ágústsdóttur. Hann flutti til Vesturheims árið 1912 ásamt eiginkonu sinni Arndísi Árnadóttur frá Kálfatjörn á Vatnsleysuströnd. Gefanda, Theodóri Nóasyni, er ekki kunnugt að þau hjón hafi komið til Íslands nema árið 1937. Hann veit heldur ekki til að lög Ársæls hafi verið spiluð á Íslandi utan æskuheimilis hans. Heimild: Theodór Nóason í bréfi til Borgarskjalasafns 11. febrúar 2004.)

Jólaþveðjur 1958, 1959, 1960, 1965 og 1967: Barnabæn um áramót, Minning um söng Eybjargar og Gunnars, Handleiðsla Guðs, Betlehemsstjarnan, Reykjavík nótur og söngtexti. Þessar þveðjur eru allar frá Steindóri Bjarnasyni.

*Skráð Ragnhildur Bragadóttir,
Njörður Sigurðsson,
Elín Þórðardóttir*